

Gróðureldur í Laugardal

3. ágúst til 11. ágúst 2012.

Erindi haldið á málþingi um
gróðurelda, í Borgarnesi
17. janúar 2013.

Ómar Már Jónsson
Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

GRÓÐURELDUR Í LAUGARDAL


Hrafnabjörg



Hrossatangi

Laugarbólsvatn

Laugarból



ATBURÐARÁSIN - DAGUR 1.

3. ágúst 2012 – Föstudagur

Veður: NV. 6 – 7 m/sek.

kl. 15:51. Boð kemur um eld í Laugardal. Slökkvilið Súðavíkur kallað út.

kl. 17:30. Slökkvilið Súðavíkur kemur á svæðið. Haft samband við Slökkvilið Ísafjarðar, beðnir um að vera í viðbragðsstöðu.

kl. 17:45. Bóndinn á Látrum mætir með 12 tonna haugsugu í slökkvistarfið.

kl. 18:50. Óskað eftir aðstoð slökkviliðsins frá Ísafirði.

kl. 20:30 – 21:00.

Lokið við að slökkva eld og hefta frekari útbreiðslu.

Slökkvilið Ísafjarðar kemur á staðinn með dælubíl og fimm manns.

kl. 21:00 – 08:30. (4. ágúst).

Unnið við að slökkva glóð.

Tiu manns við slökkvistörf.



ATBURÐARÁSIN – DAGUR 2.

4. ágúst 2012 – Laugardagur

Veður: NV. 4 – 6 m/sek.

kl. 09:40. Slökkvilið Ísafjarðar fer af svæðinu.

kl. 13:00. Ástand á svæðinu gott. Ekki talinn þörf á vakt aðra en bændur í kring. Dælubúnaður tekin. Rætt við bóndann á Látrum um að vera til taks með haugsuguna ef þess gerist þörf.

kl. 19:50 – 24:00.

Bóndinn á Laugabóli hringir og segist sjá reyk á brunasvæðinu.

Tveir menn úr slökkviliði Súðavíkur á vettvangi og slökkva í glóð.



ATBURÐARÁSIN – DAGUR 3. OG 4.

5. ágúst 2012 – Sunnudagur

Veður: Breytileg átt , 4– 6 m/sek.

kl.15:00 – 24:00. Tilkynning um að eldur sé kominn upp aftur. Bóndinn á Látrum kallaður út og nær að slökkva staðbundinn eld. Slökkvilið Súðavíkur, sjö manns fara á dælubíl á vettvang, unnið við að slökkva í glóð fram á miðnætti.

6. ágúst 2012 – Mánudagur

Veður: Breytileg átt 3 – 5 m/sek.

kl. 08:00 – 24.00.

Þrír menn frá Slökkviliði Súðavíkur á vettvangi og unnið við að slökkva glóð fram á miðnætti.



ATBURÐARÁSIN – DAGUR 5.

7. ágúst 2012 – Þriðjudagur

Veður: SV. 7 – 11 m/sek.

kl. 10:00 – 24:00. Fjórir menn frá Slökkviliði Súðavíkur á brunasvæðinu að slökkva í glóð.

kl. 18:00 – 23:00. Bóndinn á Látrum að bleyta í þar sem glóð er sjáanleg.

kl. 18:30.

Rætt við Landhelgisgæsluna um að fá aðstoð þyrlunar við að slökkva glóð sem sést víða á svæðinu.

Gæslan tekur vel í málið og þyrlan væntanleg kl. 10:00 morguninn eftir.



ATBURÐARÁSIN – DAGUR 6 (TIL KL. 18:00)

8. ágúst 2012 – Miðvikudagur

kl. 10:00. Veður: S. 7 m/sek.

Fimm manns frá Slökkviliði Súðavíkur fara á vettvangi og unnið við að slökkva í glóð. Þyrlla tefst vegna hvíldartíma áhafnar, vegna útkalls kvöldið áður. Bóndinn á Látrum áætlað að koma um leið og hann getur.

kl. 13:00. Veður: S. 13 m/sek. Vindhviður í 18 m/sek.

Bóndinn mætir með haugsuguna á vettvang. Slökkvilið Ísafjarðar kallað út með dælubíl.

kl. 15:30. Veður: S. 8-13 m/sek. Vindhviður í 18 m/sek – úrkoma í grennd

Sterkur vindur sem herðir og yfir upp glóð einnig á svæðum sem virtust slökknuð. Eldur berst út á ný svæði, sem næst þó að hafa stjórn á. Haft samband við slökkvilið Hólmavíkur og Bolungarvíkur, beðin um að vera í viðbragðsstöðu.

kl. 16:30 Veður: S. 8 m/sek.

Slökkvilið Ísafjarðar mætir á vettvang um kl.16:30.

kl.17:30 – 18:00. Veður: S. 8-10 m/sek. Slökkvilið Hólmavíkur kallað út með fimm manns og slökkvilið Bolungarvíkur með fimm manns auk björgunarsveitarmanna af norðanverðum Vestfjörðum.

ATBURÐARÁSIN – DAGUR 6 (FRÁ KL. 18:00)

8. ágúst 2012 - Miðvikudagur

kl.18:10 – 20:50. Veður kl. 18:00: S. 8 m/sek. Vindhviður í 14 m/sek.

Þyrla Landhelgisgæslunnar kemur og fer 43 ferðir og sleppir yfir 70 tonnum af vatni á svæðið.

kl.18:30. Veður: S. 8 - 10 m/sek. Vindhviður í 14 m/sek.

Eldur verður stjórnlaus.

kl. 20:30. Veður: S. 10 -12 m/sek. Vindhviður í 17 m/sek.

Fundur haldinn í sameiginlegri almannavarnarnefnd sem var í símasambandi við flugmann þyrlunar og slökkviliðsstjóra á vettvangi.

kl. 21:00 – 24:00. Veður: S. 12 m/sek. Vindhviður í 19 m/sek.

Lokið við að slökkva og stöðva frekari útbreiðslu eldsins.

kl. 23:20. Tankbíll frá Slökkviliði Ísafjarðar kemur á vettvang. Unnið við að slökkva í glóð.

ATBURÐARÁSIN – DAGUR 7.

9. ágúst 2012 – Fimmtudagur

Veður: S. 5 - 11 m/sek. Vindhviður í 22 m/sek.

kl. 08:30. Fjögur slökkvilið ásamt björgunarsveitarmönnum að störfum við að slökkva staðbundna elda og slökkva glóð. Ákveðið að fá beltagröfu til að grafa skurð frá vegi og niður að Laugardalsá til að takmarka frekari útbreiðslu eldsins. Þannig verði brunasvæðið afgirt af vatni, vegi og árfarvegi.

kl. 12:00 – 20:00. Beltagrafa vinnur við að gera rás frá vegi niður að á.

kl. 22:30. Góðum tökum náð á svæðinu, ákveðið að fækka slökkviliðsmönnum.

Slökkvilið Súðavíkur og Hólmavíkur fara í hvíld. Unnið við að slökkva glóð.



ATBURÐARÁSIN – DAGUR NR. 8. TIL 11. DAGS.

10. ágúst 2012 – Föstudagur

SA. 8-14 m/sek. Vindhviður í 18 m/sek.

kl. 07:20 - 16:00. Gott ástand og unnið við að slökkva glóð. Þrjú slökkvilið að störfum, átta slökkviliðsmenn. Eftir kl. 16:00 fækkað í fjóra slökkviliðsmenn.

11. ágúst 2012 – Laugardagur

SA. 4 -7 m/sek. Vindhviður í 12 m/sek.

00:00 - kl. 16:00. Fjórir slökkviliðsmenn við að slökkva glóð. Vakt slökkviliða á svæðinu hætt.

12. ágúst 2012 - Sunnudagur

Breytileg átt 2 - 4 m/sek.

Gott ástand. Tveir aðilar á vegum landeigenda við að slökkva glóð með dælu slökkviliða. Ákveðið að hafa ekki næturvakt en hluti slökkvibúnaðar verður áfram á svæðinu til taks ef þarf.

13. ágúst 2012 – Mánudagur

Breytileg átt 0 - 5 m/sek.

Gott ástand, engin að störfum en slökkvibúnaður á svæðinu til taks.

20. ágúst 2012 – Mánudagur

Allur slökkvibúnaður hefur verið fjarlægður af svæðinu.

HELSTU TÖLUR

- 14 ferkílómetrar urðu eldi að bráð.
- 32 unnu við slökkvistörf á svæðinu þegar mest var.
- 63 komu að slökkvistarfi á vettvangi.
- Um 1.000 tonnum var dælt á svæðið á sólarhring frá 3. til 7. ágúst.
- Um 15.500 tonnum var dælt á svæðið á sólarhring daganna 8. og 9. ágúst.
- Um 1.500 vinnustundir fóru í slökkvistarfið á vettvangi.
- Heildarkostnaður vegna slökkvistarfsins var kr. 21.164.0000
- 4 slökkvilið komu að slökkvistarfinu, auk þyrilu Landhelgisgæslunnar, dráttarvélar með haugsugu, beltagröfu, og fjórhjóla.

UPPLÝSINGAR UM BRUNASVÆÐIÐ

- Eldurinn var af mannavöldum, íkveikja af gáleysi.
- Með stærstu jarðvegseldum/sinueldum á Íslandi og mjög ólíkir þeim gróðureldum sem hafa kviknað hér á landi og mun alvarlegri.
- Yfirleitt eru sinueldar að kvikna snemma vors eða um vetur en eldurinn í Laugardal var seinni parts sumars.
- Jarðvegurinn: Gróið lyng, fjalldrapi, klappir, gras, rótarkerfi lággróðurs.
- Allur fræforði brann á brunasvæðinu.
- Gróðurinn á Mýrum eftir sinuelda laufgaðist vorið eftir brunann. Í Laugardal mun það taka mun lengri tíma.
- Jörð var þurr, tók illa við vatni og því kjöraðstæður fyrir glóð að festa sig í mó og rótarkerfi.
- Ítrekað eftir að reykur var ekki lengur sýnilegur gerði glóð aftur vart við sig og þá sérstaklega þegar bætti í vind.
- Ágætlega greiðfært um svæðið á dráttarvél og fjórhjólum og tiltölulega stutt í vatn.

ÞAÐ SEM SKIPTI MÁLI

- Létтар brunadælur sem auðvelt var að færa milli svæða.
- Haugsugan skilaði góðum árangri .
- Þyrlla landhelgisgæslunnar skilaði góðum árangri.
- Fjórhjólin mikilvæg til að koma búnaði milli svæða.
- Margar brunaslöngur skemmdust við að liggja á brunnum jarðvegi.
- Erfitt var í lokin að manna slökkviliðin og björgunarsveitir, skipti þá ekki máli, hvaða slökkvilið átti í hlut.
- Tankbílar með vatnsbyssu á toppinum mikilvægir
- Vindátt og hraði
- Mikilvægt að skipta oft um vaktir.

FRAMTÍÐIN

- Verulegar líkur á aukningu gróðurelda hér á landi.

- Aukinn fjöldi ferðamanna til Íslands.
- Minnkandi beit búfjár.
- Aukinn gróður sem rekja má til hlýnandi veðurfars.
- Útbreiðsla lúpínu
- Aukin skógrækt
- Sumarhúsasvæði og jafnvel byggðir eða hverfi í áhættu.

**Hver á að bera kostnaðinn sem fellur til vegna
náttúruhamfara sem ekki fást bættar úr
vátryggingunum?**

ÁÆTLAÐ AÐ 25-30 ÞÚSUND TONN AF SÍLD
HAFI DREPIST Í KOLGRAFAFIRÐI Í DESEMBER.

- UMHVERFISSLYS -

HVER Á AÐ
BORGA
HREINSUN?



Stjórnvöld segja ekki ég
Landeigandi segir ekki ég
Tryggingafélög segja ekki ég
Grundarfjarðarbær segir ekki ég
Hver þá?

Kerfið í dag

Viðlagatrygging Íslands

Skylduvátrygging vegna eldgosa, jarðskjálfta, skriðuföllum, snjóflóðum og vatnsflóðum.

Almennir vátryggingarsamningar

Annað tjón en af völdum náttúruhamfara, s.s. foktjón.

Bjargráðasjóður

Beintengdur við landbúnaðarframleiðslu, önnur tjón en þau sem fást bætt sbr. lög um Viðlagatryggingu.

Ofanflóðasjóður

Forvarnarsjóður vegna ofanflóða /framkvæmdasjóður.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Nr. 960/2010

11. gr. *Framlög til sérstakra verkefna.*

Heimilt að greiða framlög úr JS til verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem hafa að mati ráðgjafarnefndar mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og uppfylla eftirfarandi markmið:

- Hafa orðið fyrir verulega íþyngjandi og ófyrirséðum útgjöldum vegna lögákveðinna verkefna eða af öðrum ástæðum sem ráðgjafarnefnd metur gildar”.

Hvernig á að standa straum að kostnaði vegna náttúruhamfara sem ekki fást bættar úr vátryggingum.

Sveitarfélögin hafa enga markaða tekjustofna til að mæta auknu álagi vegna náttúruhamfara og fæst gera þau ráð fyrir þeim við áætlunargerð.

Tillaga um stofnun **Hamfarasjóðs**, sbr. tillögu nefndar sem skipuð var í nóvember 2010 og skilaði af sér í desember 2012.

Tillagan gengur út á að stofnaður verði Hamfarasjóður sem heyri undir forsætisráðuneytið sem sinni verkefnum varðandi forvarnir gegn náttúruvá og greiði bætur vegna náttúruhamfara sem ekki fást bættar úr vátryggingum.

Tillagan gerir ráð fyrir að að núverandi verkefnum Ofanflóðasjóðs verði í framtíðinni sinnt af Hamfarasjóði og að Ofanflóðasjóður hætti þannig starfsemi í þeirri mynd sem hann er í og renni inn í hinn nýja sjóð.